

Tilmæli 25/2024
Tillaga A 1977/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 25/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis (A 1977/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 25/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að vinna innan alþjóðlegra verkefna að því að auka gagnsæi um norrænar auðlindir jarðefnaeldsneytis og vinnslu þeirra.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Í formenskutíð sinni árið 2024 tók Svíþjóð saman svör norrænu landanna við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E 11 2024 sem norræna sjálfbærninefndin vísar einnig til í nefndaráliti sínu um núverandi tilmæli.

Eins og fram kom í svörum ríkisstjórnanna við skriflegu fyrirspurninni taka norrænu löndin virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um talnagögn, skráningu og mat á gögnum um auðlindir jarðefnaeldsneytis. Helstu alþjóðastofnanir eru t.d. OECD, IEA, IPCC og loftslagsráðstefna SP, UNFCCC Losunarbókhaldskerfi ESB hefur þann megintilgang að draga úr losun koldíoxíðs en stuðlar jafnframt að auknu gagnsæi varðandi notkun jarðefnaeldsneytis.

Þróun á útreikningsaðferðum og skráningarkerfum er mikilvægur hluti samstarfsins og stuðlar að auknu gagnsæi. Með þátttöku sinni í ofangreindum ferlum hafa norrænu löndin stuðlað að auknu gagnsæi varðandi vinnslu og notkun auðlinda jarðefnaeldsneytis auk skráningar þar að lútandi.

Sem dæmi um þátttöku norrænu landanna í alþjóðlegum verkefnum má nefna *Inclusive Forum om Carbon Mitigation Approaches* á vegum OECD en öll norrænu löndin taka þátt í því. Markmið verkefnisins er að miðla upplýsingum um áhrif og kostnaðarhagkvæmni mismunandi stefna í loftslagsmálum og að þróa mælingaraðferðir sem stuðlað geta að



auknum árangri þegar kemur að því draga úr losun, jafnt stað- og svæðisbundið sem hnattrænt.

Annað dæmi er verkefnið *Beyond Oil & Gas Alliance (BOGA)* sem Danmörk og Kostaríka standa að. Tilgangur verkefnisins er að hækka rána á alþjóðavísu þegar kemur að því að draga úr losun, meðal annars með auknu samráði um stefnumótun og tæknilegum stuðningi við útfösun á framleiðslu jarðefnaeldsneytis.

Norrænu löndin taka því þátt í ýmsum alþjóðlegum ferlum sem hafa það að markmiði að draga mjög úr og í framhaldinu hverfa alveg frá notkun jarðefnaeldsneytis. Aukið gagnsæi varðandi skráningu á notkun jarðefnaeldsneytis, að norrænum auðlindum meðtöldum, er mikilvægt mál sem norrænu löndin styðja.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin þakkar norrænu ríkisstjórnunum fyrir ítarlegt svar við tilmælum 25/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis (1977/UHN) og tileinkar sér svarið með ánægju.

Nefndin fagnar því að norrænu ríkisstjórnirnar styðji í svari sínu við meginregluna um aukið gagnsæi og í tengslum við skýrslugjöf um notkun jarðefnaauðlinda. Nefndin fagnar virkri þátttöku norrænu ríkjanna í alþjóðlegu samstarfi um talnagögn, skýrslugjöf og mat á gögnum um jarðefnaauðlindir og undirstrikar mikilvægi þess að þeirri vinnu sé áframhaldið.

Sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 25/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis (A 1977/UHN) séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Helsinki, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filso (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)